

# SIÐAREGLUR

## kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

### 1. gr.

#### *Markmið siðareglanna*

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf.

Með kjörnum fulltrúum er átt við borgarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.

### 2. gr.

#### *Starfsskyldur kjörinna fulltrúa*

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Reykjavíkurborgar.

Kjörnir fulltrúar hafa eftirlit með rekstri Reykjavíkurborgar og gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar borgarinnar sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Reykjavíkurborgar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri borgarinnar eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir til að axla ábyrgð á störfum sínum opinberlega.

### 3. gr.

#### *Valdmörk*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar tilhlýðilega virðingu.

Kjörnir fulltrúar virða aðgerðir í þágu stjórnsýslueftirlits hjá Reykjavíkurborg og leggja sitt af mörkum til að slíkt eftirlit nái markmiðum sínum.

### 4. gr.

#### *Hagsmunaárekstrar*

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir hæfisreglum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköpum borgarstjórnar. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Reykjavíkurborg lýkur.

5. gr.

*Gjafir og fríðindi*

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, ef almennt má líta á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu, nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Við mat á því hvað séu óverulegar gjafir skal horft til reglna sem borgarráð setur.

6. gr.

*Trúnaður*

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögum og málefnalegum rökum.

